

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hveragerðisbæ.

Breyting á deiliskipulagi Hólmabrunar, Dalsbrunar og Hjallabrunar.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti 5. september 2024 deiliskipulagsbreytingu á deiliskipulagi Hólmabrunar, Dalsbrunar og Hjallabrunar dags. 31. maí 2024, breytt 23. ágúst 2024 eftir auglýsingu. Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að heimila sólstofur við parhús í Hjallabrun, í samræmi við þegar fengnar heimildir fyrir sólstofum í Dalsbrun, og á lóð Hólmabrunar 20 að heimila byggingu tveggja hæða íbúðarhúss, í samræmi við jarðvegsaðstæður á lóð. Deiliskipulagsbreytingin hlaut meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 18. september 2024.

Hildur Gunnarsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 2. október 2024